

116 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Stefán 10. des. Halldórssonar, útgefin á venjulegan hátt af dóms- og kirkjumálaráðherranum 10 desember 1921.

Skipulagskráin er þannig:

Skipulagskrá

fyrir

Minningarsjóð Stefáns Halldórssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Stefáns Halldórssonar.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er 1000 krónur, er hjónin Björg Halldórsdóttir og Halldór Stefásson gefa til minningar um son sinn Stefán f. á. Seyðisfirði 16. okt. 1905, d. á Heilsuhælinu á Vífilstöðum 18. febr. 1917.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að styrkja heilsubíluð börn og heilsubílaða unglinga innan 16 ára aldurs til að fá heilsubót á sjúkrahúsum hér á landi eða erlendis. Starfssvið hans er Fljótsdalshjarað að meðtöldum Fljótsdal, Jökulsdal og Skriðudal.

4. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum þeirra manna, sem vilja efla vöxt hans og styðja tilgang hans, heldur árstíðaskrá og tekur við minningagjöfum fyrir þá látua menn, er óskað er. Rita skal helstu æfiatriði viðkomenda í árstíðaskrána, ef þess er óskað.

5. gr.

Þeir, sem óska að nöfn látinna vina og vandamanna séu innfærð í árstíðaskrá sjóðsins, greiða fyrir það gjald, er þeim sýnist, en sjóðurinn gefur út minningaspjöld með nafni hlana látna, er innritunarbeiðendur senda nánustu vandamönnum í stað kransa. — Minningaspjöld skulu höfð við hverja kirkju á starfsvæði sjóðsins.

6. gr.

Umsjónarnefnd sjóðsins skipa þrír menn: Héraðslæknirinn í Fljótsdalslæknishjaraði formaður og meðstjórnendur: sóknarpresturinn að Kirkjubæ og kona valin af íbúum Fljótsdalshrepps á almennum sveitarfundi. Þegar svo kynni að standa á, að enginn héraðslæknir væri í Fljótsdalslæknishjaraði eða sóknarprestur að Kirkjubæ, skipa hreppstjórar í þeim hreppum, sem hjeraðslæknirinn eða presturinn eru búsettir í, stjórn hans til bráðabyrgða.

Umsjónarnefndin ræður hver og hverjum veittur er styrkur af útborgunarskyldum tekjum sjóðsins. Hún heldur gjörðabók og skrá yfir styrkveitingar og árangur þeirra.

Heimili sjóðsins er heimili hjeraðslæknisins.

7. gr.

116
10. des.

Útborgunarskyld er: $\frac{1}{2}$ árstekjur sjóðsins þangað til hann verður orðinn 10 þús. krónur, frá þeim tíma þangað til sjóðurinn verður orðinn 20 þús. kr. $\frac{2}{3}$ ársteknanna, frá þeim tíma þangað til hann verður orðinn 30 þús. kr. $\frac{3}{4}$ ársteknanna; eftir það $\frac{9}{10}$ ársteknanna.

Sá hluti ársteknanna, sem ekki er útborgunarskyldur, leggst við höfuðstólinn. Þau ár, sem enginn styrkur yrði veittur, leggjast allar árstekjurnar við höfuðstólinn. — Höfuðstólinn má aldrei skerða.

8. gr.

Meginfje sjóðsins ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðsins. Að öðru leyti er það í vöxtum og á ábyrgð umsjónarnefndarinnar.

9. gr.

Af þeim hluta ársteknanna, sem útborgunarskyldur er, skal verja því, sem þörf er á, til undirbúnings árstíðaskárinnar og útgáfu minningaspjalda, svo og í beinan útlagðan kostnað við stjórn hans. Að öðru leyti er ætlast til að stjórn sjóðsins vinni kauplaust fyrst um sinn, þangað til ríkisstjórninni kynni að þykja ástæða til að leyfa henni kaup fyrir höfn sína, eftir beiðni hennar.

10. gr.

Þegar umsjónarnefnd sjóðsins þykir þörf á skal á kostnað sjóðsins koma upp eldtryggri geymslu fyrir árstíðaskrár hans og gjörðabækur. Þegar útritðar árstíðaskrár og gjörðabækur verða orðnar 50 ára gamlar falla þær til Landsbókasafnsins.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á sk palagskrá þessari.

Hamborg í N. Múlasýslu 28. febr. 1921.

Björg Halldórsdóttir. Halldór Stefánsson.

Samþykkt

117
15. des.

fyrir áveitufjelag Þingbúa í Húnavatnssýslu.

1. gr.

Ábúendur þeirra jarða í Þingi og Torfulækjarhreppi í A. Húnavatnssýslu, sem getið er um í annari gr., stofna með sjer fjelag er nefnist »Áveitufjelag Þingbúa«. Heimilisfang þess er að Þingeyrum, og varnarþing þess að Sveinsstöðum í Húnavatnssýslu.

2. gr.

Tilgangur fjelagsins er að koma á og starfrækja áveitu úr Vatnsdalsá yfir engjalönd á eylandinu í Þingi. Fjelagsmenn eru þeir, sem hafa jörð eða jarðarpart til ábúðar á áveituvæðinu. Jarðir þær, sem koma til greina, eru þessar: